



Viðmiðunartilboð um Ethernetþjónustu

Milli Mílu ehf.
og fjarskiptafyrirtækis

Útgáfa 1.0-A

19.12.2014

Efnisyfirlit

1	Um samninginn	3
1.1	Aðilar	3
1.2	Markmið	3
1.3	Viðmiðanir	3
1.4	Skilgreiningar	3
2	Þjónusta sem fólgin er í samningnum	4
2.1	Þjónusta samningsins	4
2.2	Ábyrgð á þjónustu	4
2.3	Misnotkun	4
2.4	Tæknilegir skilmálar og hæfi	4
2.5	Gæði þjónustu	4
3	Aðgangur að Ethernetþjónustu	5
4	Verð	5
5	Reikningar og greiðslur	5
6	Vanefndir	5
6.1	Vanefndir og réttur til úrbóta	5
6.2	Veruleg vanefnd – Riftun þegar í stað	5
6.3	Aftenging sambands	6
6.4	Skaðabætur	6
6.5	Dráttarvextir	6
7	Öryggi neta og tilkynningar	6
8	Takmörkun á bótaábyrgð	6
9	Takmörkun vegna öryggisástæðna	7
10	Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði	7
10.1	Upplýsingarskylda	7
10.2	Höfundarréttarákvæði	7
10.2.1	Almennt ákvæði	7
10.2.2	Sérstakt ákvæði	7
11	Þagnarskylda	7
12	Greiðslutrygging	7
13	Tæknileg hæfni	8
14	Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila	8
15	Endurskoðun	8
16	Óviðráðanleg atvik	8
17	Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings	8
17.1	Nýr viðsemjandi	8
17.2	Samningur um aðgang að Ethernetþjónustu	8
17.3	Breytingar á samningi	8
17.4	Uppsögn	9
18	Misræmi	9
19	Fulltrúar aðila	9
20	Viðaukar	9
21	Lögsaga og lausn ágreiningsmála	9

1 Um samninginn

1.1 Aðilar

Míla ehf., kt. 460207–1690, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, hér eftir nefnd Míla og [fjarskiptafyrirtæki], [kt.], [heimili], hér eftir nefndur viðsemjandi, gera með sér svofelldan samning um heildsöluaðgang viðsemjanda að Ethernetþjónustu.

1.2 Markmið

Markmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarnra beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að Ethernetþjónustu.

1.3 Viðmiðanir

Þjónustan styður við Metro Ethernet Forum (MEF) staðal þar sem því er við komið. Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum og viðaukum eftir því sem við á:

1.4 Skilgreiningar

- **CIR:** Comitted Information Rate - Tryggð Bandbreidd.
- **CoS:** Class of Service - Forgangsmerking þjónustu.
- **EIR:** Excess Infomation Rate – Umframbandbreidd.
- **E- LAN:** Ethernet Private LAN (Multipoint to Multipoint).
- **E- lina:** EPL – Ethernet Private Line - Stengt stafrænt samband í kerfi Mílu (Point to point).
- **EVC:** Ethernet Virtual Connection.
- **EPL:** Ethernet Private Line.
- **EVPL:** Ethernet Vítual Private Line.
- **Fjarskiptafyrirtæki:** Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- **Fjarskiptanet:** Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
- **Fjarskiptaþjónusta:** Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
- **Fjarskiptaumferð:** Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- **MEF:** Metro Ethernet Forum
- **MPLS/TP:** Multi Protocol Label Switching/Transport Profile

- **MPLS/TP net:** Einfölduð útgáfa af MPLS þróuð fyrir flutningsnet. Hefur ekki IP-virkni og kemur þar með ekki í stað hefðbundinna IP-kerfa. Þróað til að taka við af eldri flutningstækni eins og SDH og er sérhannað til flutnings á Ethernet-merkjum.
- **Notandi:** Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptþjónustu.
- **SLA:** Service Level Agreement – Þjónustusamningur.
- **UNI:** User Network Interface – tengiskil.
- **VLAN:** Virtual LAN – Sýndarstaðarnet.
- **VP:** Virtual Path – Sýndarbraut.

2 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

2.1 Þjónusta samningsins

Þjónustu Mílu sem fólgin er í samningnum er lýst í viðauka 5; Þjónustustig Ethernetþjónustu.

2.2 Ábyrgð á þjónustu

Viðsemjandi ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, m.a. hvað varðar bilanagreiningu og aðra þjónustu vegna endabúnaðar þeirra. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Viðsemjandi innheimtir hjá eigin viðskiptavinum og stendur skil á greiðslum fyrir heildsöluaðgang sinn til Mílu.

Þjónustukaupi ber ábyrgð á að tilkynna sínum viðskiptavinum um þjónusturof sem verða kann vegna bilana eða viðgerða í kerfum Mílu.

2.3 Misnotkun

Aðilar leitist við að koma í vegg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Skulu þeir strax upplýsa gagnaðila verði þeir varir við óeðlilega notkun eða umferð sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum.

2.4 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Mílu, skal uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað samkvæmt viðauka 3, Tækniskilmálar Ethernetþjónusta.

Mílu er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti að þeir sem sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

2.5 Gæði þjónustu

Aðilar skulu kappkosta að uppfylla viðmið varðandi dagsetningar og tæknilegar kröfur sem fram koma í samningi þessum.

3 Aðgangur að Ethernetþjónustu

Aðgangur að Ethernetþjónustu skal veittur eins og lýst er í viðauka 5; Þjónustustig Ethernetþjónusta.

4 Verð

Verðskrá fyrir Ethernetþjónustu er lýst í viðauka 2; Verðskrá. Verð í samningi þessum og viðauka er tilgreint án virðisaukaskatts.

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

5 Reikningar og greiðslur

Reikningstimabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok mánaðar. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Þjónustukaupi skal greiða mánaðarlega samkvæmt verðskrá þjónustusala.

Gjalddagi reikninga er 20. dag næsta mánaðar eftir útgáfudag og eindagi er 2. dag næsta mánaðar eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. greinar laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörunar leggst á kröfu við útsendingu tveim dögum eftir eindaga.

6 Vanefndir

6.1 Vanefndir og réttur til úrbóta

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

Samningsaðili, sem hefur vanefnt samninginn, skal bæta úr vanefndinni án tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir að tilkynning um vanefnd barst skv. 1. mgr.

Nú verður samningsaðili ekki við skriflegri áskorun um að bæta úr vanefnd innan 14 daga frá því að honum barst tilkynning, sbr. 1. og 2. mgr. og telst vanefndin þá veruleg að þeim tíma liðnum og veitir samningsaðila rétt til riftunar þegar í stað sbr. 6.2.

6.2 Veruleg vanefnd – Riftun þegar í stað

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað með skriflegri tilkynningu til gagnaðila:

- Ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum,
- ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamninga eða farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans,
- ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó að slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.

- ef þjónustukaupi setur upp búnað sem ekki fullnægir tækniskilmálum sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann, eða
- ef notkun þjónustukaupa á búnaði er ekki í samræmi við tækniskilmála sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 45 daga frá gjalddaga.

6.3 Aftenging sambands

Hafi þjónustukaupi látið niður falla að greiða umsamda leigufjárhæð í 45 daga frá gjalddaga eða lengur er þjónustusala heimilt að undangenginni aðvörun að láta aftengja eða slökkva á búnaði þjónustukaupa og fjarlægja hann.

6.4 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

6.5 Dráttarvextir

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir, lögum samkvæmt frá gjalddaga til greiðsludags.

7 Öryggi neta og tilkynningar

Hvor aðili um sig er ábyrgur fyrir öruggri starfsemi nets síns og skal gera allar skynsamlegar og nauðsynlegar ráðstafanir í starfsemi sinni og við framkvæmd þessa samnings til að tryggja að netið muni ekki:

- Stofna öryggi eða heilsu starfsmanna, verktaka, umboðsmanna eða viðskiptamanna hins aðilans í hættu.
- Skemma, trufla eða valda skaða á virkni nets hins aðilans.
- Þjónustukaupa er ekki heimilt að tengja annan búnað en þann sem stenst gæðakröfur eða staðla þjónustusala. Sjá nánar viðauka 3, Tækniskilmálar.

8 Takmörkun á bótaábyrgð

Þjónustusali tekur ekki á sig neina ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri Ethernetþjónustu hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna.

9 Takmörkun vegna öryggisástæðna

Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að rjúfa tengingu sambands fyrirvaralaust ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Tilkynna skal viðsemjanda um slíka ráðstöfun eins fljótt og mögulegt er.

10 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

10.1 Upplýsingarskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd samningsins.

10.2 Höfundarréttarákvæði

10.2.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

10.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

11 Þagnarskylda

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljósstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttengið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar sem halda ber leyndum.

Upplýsingar sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar teljast ekki trúnaðarupplýsingar nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi, Póst- og fjarskiptastofnun eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

12 Greiðslutrygging

Þjónustusala er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna.

13 Tæknileg hæfni

Ef upp er settur fjarskiptabúnaður sem þjónustukaupi sér um rekstur á og kann að hafa áhrif á fjarskiptabúnað þjónustusala og/eða þriðja aðila er þjónustusala heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eiga að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.

14 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila.

15 Endurskoðun

Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

16 Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila sem hyggst nýta sér þetta ákvæði ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

17 Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings

17.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki hafa þegar undirritað samning um aðgang að leigulínum við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja aðila undir samning þennan. Samningurinn er ótímabundinn en getur tekið breytingum í samræmi við grein 17.3.

17.2 Samningur um aðgang að Ethernetþjónustu

Þegar í gildi er samningur um aðgang að Ethernetþjónustu milli Mílu og þjónustukaupa leysir nýr samningur/viðmiðunartilboð um Ethernetþjónustu hinn fyrri af hólmi án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur skv. 17.4 er liðinn.

17.3 Breytingar á samningi

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar á vef Mílu og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um Ethernetþjónustu milli þjónustusala og viðsemjanda hans og fellur þá fyrri samningur úr gildi.

Míla birtir viðmiðunartilboð um Ethernetþjónustu á vef sínum.

17.4 Uppsögn

Lágmarksleigutími skal vera 6 mánuðir. Að þeim tíma liðnum getur hvor aðili um sig sagt upp leigu á Ethernetþjónustu með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

18 Misræmi

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka gilda ákvæði þessa samnings.

19 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Þjónustusali: xxxxxxxxxxxxxx

Þjónustukaupi : xxxxxxxxxxxxxx

20 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

- Viðauki 1, Ethernetþjónusta – vörulýsing
- Viðauki 2, Verðskrá Ethernetþjónustu
- Viðauki 3, Tækniskilmálar
- Viðauki 4, Listi yfir tengipunkta Ethernetþjónustu
- Viðauki 5, Þjónustustig

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.

Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

21 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

Fyrir hönd þjónustusala.

Fyrir hönd þjónustukaupa